

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 9. október 2023
Mál nr. E-5069/2022:

A

(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)

gegn

Sveini Geir Arnarssyni,

(Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður)

Einari Val Kristjánssyni og Valdimar Steinþórssyni

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta var höfðað 1. nóvember 2022 og tekið til dóms 26. september 2023. Stefnandi er A, og stefndu Sveinn Geir Arnarsson, [...], Einar Valur Kristjánsson, [...], og Valdimar Steinþórsson, [...].
- Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda, Sveini Geir Arnarssyni, verði gert að greiða honum 2.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. febrúar 2022 til greiðsludags. Þess er krafist að stefndu, Einari Val Kristjánssyni og Valdimar Steinþórssyni, verði hvorum um sig gert að greiða stefnanda 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 28. febrúar 2022 til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar.
- Stefndi Sveinn Geir krafðist þess í fyrstu að málinu yrði vísað frá dómi en er því hafði verið hafnað með úrskurði uppkveðnum 24. janúar 2023 var krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi. Stefndu Einar Valur og Valdimar krefjast hvor um sig sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik

- Mál þetta lýtur að kröfu stefnanda um greiðslu miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 vegna heilsutjóns sem hann rekur til háttsemi stefndu í tengslum við veikindi sem hann varð fyrir um borð í frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 í veiðiferð sem stóð frá 27. september 2020 til 20. október sama ár. Togarinn er gerður út af Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf.
- Er atvik máls þessa áttu sér stað hafði staðið yfir heimsfaraldur Covid-19 frá því snemma árs en fyrstu smit vegna þessa sjúkdóms greindust hér á landi í febrúar 2020. Mjög mikil umræða var um heimsfaraldurinn hérlandis eins og erlendis og gripið til margháttæðra

aðgerða af hálfu stjórnvalda, þar á meðal aðgerða sem ætlað var að stemma stigu við útbreiðslu sjúkdómsins. Meðal slíkra aðgerða var útgáfa sérstakra leiðbeininga og fyrirmæla frá embætti landlæknis um hafnir og skip í þeim tilvikum þegar rökstuddur grunur um Covid-19-smit kæmi upp um borð. Þar var kveðið á um skyldu skipstjóra til að tilkynna Landhelgisgæslu ef grunur vaknaði um Covid-19-sýkingu. Það var síðan á ábyrgð Landhelgisgæslunnar að virkja boðleiðir til sóttvarnaryfirvalda og annarra yfirvalda sem og heilbrigðisþjónustu á viðkomandi stað. Af verklagsreglunum má ráða að gert hafi verið ráð fyrir að skipi yrði haldið til lands þótt það yrði ekki bundið við bryggju nema svokölluð úrvinnslusóttkví yrði virkjuð sem fæli í sér að engum yrði hleypt frá borði eða um borð. Enn fremur var kveðið á um að ef læknishjálp væri nauðsynleg færi læknir á staðnum um borð til að veita lækniþjónustu og skima fyrir Covid-19. Læknirinn bæri þar með ábyrgð á framkvæmd læknisskoðunar og framkvæmd áhættumats vegna gruns um Covid-19.

6. Stefnandi hafði þegar atvik máls þessa áttu sér stað starfað í rúm tvö ár sem skipverji á skipinu Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270. Stefndi Einar Valur Kristjánsson er framkvæmdastjóri útgerðarinnar og stefndi Valdimar Steinþórsson útgerðarstjóri. Stefndi Sveinn Geir var skipstjóri skipsins. Skipið átti að halda til veiða 27. september 2020 frá Ísafirði eftir að hafa verið í slipp í Reykjavík. Stefnandi hafði þá verið í landi í fríi í um [...] mánuði, en var boðaður til skips ásamt öðrum skipverjum að kvöldi 26. september til að undirbúa komandi veiðiferð.
7. Að morgni 27. september 2020 hélt skipið til veiða. Stefnandi var á meðal 25 skipverja í umræddri sjóferð undir stjórn stefnda Sveins Geirs sem skipstjóra. Á öðrum degi sjóferðarinnar, 28. september 2020, veiktist einn skipverjanna. Hann gaf sig fram við skipstjóra, stefnda Svein Geir, og lýsti veikindum sínum. Hann kvaðst vera með hefðbundin kvefeinkenni og staðhæfði að ekki væri um Covid-19-sjúkdóminn að ræða og að hann hefði fengið það staðfest af heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu þaðan sem hann hefði verið að koma er hann mætti til skips. Umræddum skipverja var í kjölfarið gert að dvelja í sjúkraklefa í skipinu í öryggisskygni að boði stefnda Sveins Geirs, til að forðast frekari smit meðal áhafnarinnar. Skipverjinn hóf störf að nýju daginn eftir, 29. september 2020, þar sem hann væri orðinn frískur.
8. Samkvæmt skipsdagbók hafði stefndi Sveinn Geir samband við umdæmislækni sóttvarna á Vestfjörðum á Ísafirði símleiðis 28. september 2020. Greindi stefndi umdæmislæknum frá því að einn skipverji væri veikur. Byggt er á því af hálfu stefndu

að þær upplýsingar hafi fengist frá umdæmislækni sóttvarna að ekki væri tilefni til að ætla að umræddur skipverji væri smitaður af Covid-19-sjúkdómnum með vísan til einkenna hans. Fram kom í framburði umdæmislæknisins fyrir dómi að hún hefði sagt það sama við stefnda Svein Geir og aðra atvinnurekendur sem til hennar leituðu með fyrirspurnir um hvort starfsmenn væru með Covid-19-sjúkdómnum, að ekki væri hægt að staðfesta hvort um Covid-19-smit væri að ræða nema með því að skima fyrir sjúkdómnum þannig að skima þyrfti skipverjann. Fyrir dómi bar læknerinn jafnframt um að í orðum hennar hefðu falist fyrirmæli í þá veru en í miklu annríki á þessum tíma hefðu slík fyrirmæli eða tilmæli ekki verið gefin skriflega heldur hefði atvinnurekendum, sem margir hefðu hringt þessara erinda, verið treyst til að hlutast til um slíkar skimanir.

9. Annar skipverji veiktist 29. september 2020 og dvaldi í samræmi við fyrirmæli stefnda Sveins Geirs í klefa sínum í rúman sólarhring í einangrun en fór aftur til vinnu 1. október 2020. Einkennum hans var lýst sem kvefeinkennum í skipsdagbók. Stefnandi veiktist 2. október sama ár og dvaldi í einangrun í sjúkraklefa skipsins. Lá hann þar veikur í þrjá daga en sneri síðan aftur til vinnu 5. október. Stefnandi kveður stefnda Svein Geir hafa þrýst á sig að snúa aftur til vinnu, þrátt fyrir að stefnandi hefði ekki talið sig hafa til þess heilsu. Stefnandi hafi ekki séð annan kost en að mæta til vinnu að áeggjan stefnda en hann hafi verið slappur það sem eftir lifði veiðiferðar og þurft að fá samstarfsmenn á vaktinni til að leysa líkamlega erfiðustu störfina af hendi í sinn stað.
10. Fleiri skipverjar veiktust jafnt og þétt næstu daga og allir lýstu þeir sambærilegum einkennum samkvæmt stefnda Sveini Geir og því sem fært var í skipsdagbókina nema einn roskinn skipverji sem veiktist töluvert mikið. Í tilefni af síðastgreindum veikindum hafði stefndi Sveinn Geir samband við umdæmislækni sóttvarna hjá heilbrigðisstofnun á Ísafirði 14. október og síðar aftur 17. október 2020. Vegna þessara veikinda var ákveðið að skipið skyldi sigla til lands og að sýnataka færi fram á áhöfn skipsins til greiningar á mögulegri Covid-19-sýkingu. Skipið kom til hafnar 18. október en fram kemur í gögnum málsins að stefndi Sveinn Geir hafi sent umdæmislækni sóttvarna lista yfir skipverja og einkenni þeirra en þann lista mun hann hafa útbúið að áeggjan umdæmislæknisins og haft þann hátt á að kalla hvern skipverja fyrir sig til sín og inna þá eftir einkennum sem þeir myndu fyrir. Í ljós mun hafa komið að 22 af 25 skipverjum hafi verið með einkenni. Listi þessi er ekki meðal dómskjala málsins.
11. Áhöfnin gekkst undir sýnatöku í því skyni að kanna hvort COVID-19-sýkingu væri til að dreifa 18. október 2002, þegar skipið var komið í höfn. Umdæmislæknir sóttvarna fór

um borð og tók sýnin og lagði jafnframt mat veikindi hjá þeim skipverjum sem sérstök ástæða þótti til með tilliti til fyrra heilsufars. Mældi hún meðal annars súrefnismettun hjá þeim sem voru hvað veikastir eða ástæða var til að skoða nánar auk þess að mæla hita og hlusta eftir öndunarhljóðum. Stefnandi var þar á meðal. Að mati læknisins voru flestir skipverjanna ekki alvarlega veikir en hún lýsti þeirri skoðun sinni við stefnda Svein Geir að í ljósi einkenna skipverjanna og útbreiðslu veikindanna væru yfirgnæfandi líkur á að þeir væru smitaðir af Covid-19-sjúkdómnum. Það var jafnframt mat læknisins að vegna sóttvarnaráðstafana til að takmarka frekari smit væri ekki skynsamlegt að skipið lægi við bryggju á meðan beðið væri niðurstöðu sýnatöku. Fram kom í framburði læknisins við sjópróf sem fram fór síðar að hún hefði beint þeim fyrirmælum til stefnda að sigla skipinu ekki langt frá landi þar til niðurstaða fengist úr greiningu sýnanna. Skipið lét úr höfn seint að kvöldi 18. október 2020 og hélt til veiða út á Halamið í um fimm klukkustunda siglingu frá Ísafjarðarhöfn.

12. Niðurstaða fékkst úr greiningu sýnanna síðdegis 19. október 2020 og tilkynnti umdæmislæknir sóttvarna á Vestfjörðum stefnda Sveini Geir símleiðis að Covid-19-smit hefði greinst um borð í skipinu. Í ljós kom að 22 af 25 skipverjum voru annaðhvort sýktir af Covid-19 eða höfðu mælst með mótefni gegn veirunni. Stefnandi reyndist vera sýktur af Covid-19-sjúkdómnum. Skipinu var snúið til Ísafjarðarhafnar um leið og niðurstaða fékkst úr greiningu sýnanna. Á leið til hafnar sinnti áhöfnin frágangi skipsins, svo sem vinnslu þess afla sem dreginn hafði verið inn síðasta sólarhringinn og lokaþrifum, en við þau mun hafa verið notuð sterk sápa með ertandi efnunum. Fram kom í skýrslutökum fyrir dómi að skipverjar hefðu verið ósáttir við að vera settir í þetta verk í ljósi veikinda í öndunarfærum og dæmi hafi verið um að þeir hafi þurft frá að hverfa.
13. Skipið kom til Ísafjarðarhafnar 20. október 2020 og voru þá tekin blóðsýni úr áhöfn skipsins í því skyni að greina virkni Covid-19-smita um borð. Stefnandi bar um það fyrir dómi að er skipið hafi verið að koma að landi hafi umdæmislæknir sóttvarna tilkynnt honum eins og öðrum skipverjum sem eins var ástatt um að hann hefði greinst með Covid-19. Læknirinn greindi honum frá því í fyrstu að honum væri skylt að dvelja áfram í sóttkví um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 er skipið kæmi að landi. Stefnandi bar um það fyrir dómi að hann hefði tekið þeim tíðindum mjög þunglega og hefði orðið fyrir miklu áfalli. Kvaðst hann jafnframt hafa haft í hótunum við umdæmislækninn um að fara gegn þeim fyrirmælum og fara í land í trássi við þau. Læknirinn hefði þá gert honum grein fyrir því að lögregla yrði kölluð til ef mál myndu skipast með þeim hætti. Til þess

kom þó ekki að á þetta myndi reyna þar sem í ljós kom að ekki væri þörf á slíkri sóttkví í tilviki stefnanda.

14. Útgerð Júlíusar Geirmundssonar ÍS-270, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., gaf út tilkynningu 26. október 2020 sem undirrituð var af stefnda Einari Val. Þar kom meðal annars fram að fyrirtækið teldi ljóst að rétt hefði verið að tilkynna grun um Covid-19-veiru um borð í skipinu til Landhelgisgæslunnar og láta þeim yfiröldum eftir að meta hvort rétt væri að sigla skipinu til hafnar. Slík framkvæmd hefði enda verið í samræmi við þær leiðbeiningar sem fara bæri eftir í þessum aðstæðum. Ábyrgð á þeim mistökum myndi fyrirtækið axla og voru hlutaðeigandi beðnir einlæglega afsökunar. Ítrekaði fyrirtækið að því þætti miður að hafa ekki brugðist við með réttum og viðeigandi hætti.
15. Sjópróf fóru fram 23. nóvember 2020 þar sem teknar voru skýrslur af 14 skipverjum sem voru um borð í skipinu er atvik máls þessa áttu sér stað, þar á meðal af stefnanda. Skýrsla var jafnframt tekin af umdæmislækni sóttvarna á Vestfjörðum.
16. Gefin var út ákæra af lögreglustjóranum á Vestfjörðum á hendur stefnda Sveini Geir 15. desember 2020. Var honum gefið að sök brot gegn 1. og 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en síðar var fallið frá ákærulið samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna. Stefndi viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga sem hefði falist í því að láta undir höfuð leggjast að tilkynna Landhelgisgæslunni um grun um Covid-19-smit um borð í skipinu í samræmi við leiðbeiningar embættis landlæknis. Málinu lauk með viðurlagaákvörðun og var stefnda gert að greiða sekt til ríkissjóðs en ella sæta fangelsi í 34 daga. Stefndi Sveinn Geir var jafnframt sviptur skipstjórnarréttindum í fjóra mánuði en þó þannig að hann hélt stýrimannsréttindum.
17. Fyrir liggja gögn um að stefnandi hafi átt í margháttuðum heilsufarsvanda eftir að hann kom í land, bæði vegna líkamlegra kvilla, sem þó verði ekki allir raktir til Covid-19-sjúkdómsins eða afleiðinga hans, og vegna andlegra veikinda sem rakin eru til sjúkdómsins og þeirra aðstæðna að hafa þurft að vera um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 meðan á veikindum hans stóð og í kjölfar veikindanna án þess að fá í raun fullnægjandi heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf. Samkvæmt sjúkraskrá stefnanda hjá heilbrigðisstofnunum lýsti stefnandi miklum lungnaeinkennum, slappleika, litlu þoli og mæði í kjölfar Covid-19-veikindanna. Stefnandi gekkst undir rannsóknir vegna Covid-19-sjúkdómsins og kom þá í ljós sjúkdómur í hægra lunga hans. Samkvæmt vottorði læknis, sem dagsett er 20. nóvember 2020 og ritað að beiðni lögreglunnar á Vestfjörðum, tengist nefndur sjúkdómur ekki Covid-19-sjúkdómnum. Stefnandi gekkst undir

skurðaðgerð af þessu tilefni [...]2021. Fram kemur einnig í sjúkraskránni að stefnandi [lýsing á öðrum sjúkdómseinkennum], sem hann hafi ekki verið með áður en hann sýktist af Covid-19. Stefnandi leitaði hjálpar hjá sálfræðingi í lok október 2020 og áfram næstu misserin auk þess sem hann dvaldi á Reykjalandi í endurhæfingarlögn sumarið 2021 í um það bil mánuð. Við útskrift þaðan hafði bæði dregið úr líkamlegum eftirköstum veikindanna auk þess sem andleg heilsa hafði batnað umtalsvert. Stefnandi var síðar í starfsendurhæfingu hjá VIRK endurhæfingarsjóði í um 16 mánuði.

18. Stefnandi var lengi frá vinnu af framangreindum sökum sem hann rekur til nefndra veikinda, er nú kominn til vinnu á ný við [...]í landi en hann hefur ekki farið til sjós aftur.
19. Með kröfubréfi, dagsettu 28. janúar 2022, krafðist stefnandi greiðslu miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna úr hendi stefnda Sveins Geirs. Með kröfubréfi, dagsettu 31. janúar sama ár, krafðist stefnandi greiðslu miskabóta bæði úr hendi stefnda Valdimars og stefnda Einars Vals, að fjárhæð 1.500.000 krónur frá hvorum um sig. Kröfubréfum stefnanda var öllum svarað 28. júní 2022 og bótakröfum hans í öllum tilvikum hafnað.

Helstu málsástæður stefnanda

20. Stefnandi krefst greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 vegna líkamlegs og andlegs heilsutjóns af völdum veikinda um borð í frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndu hafi hver fyrir sig, með háttsemi sinni dagana 26. september til og með 18. október 2020, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og með því valdið stefnanda bæði líkamlegu og andlegu heilsutjóni.
21. Gagnvart stefnda Sveini Geirbyggi stefnandi kröfu sína um greiðslu miskabóta á því að stefndi hafi ítrekað tekið ákvarðanir sem hafi þverbrotið gegn 34. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eftir að grunur kom upp um Covid-19-smit um borð í skipinu Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 28. september 2020. Stefndi hafi ekki tryggt stefnanda nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp meðan á veikindum hans stóð, sbr. 1. mgr. 34. gr. sjómannalaga. Þá hafi stefndi ekki flutt í land þá skipverja sem ætla mátti að væru smitaðir og gætu smitað aðra og þannig brugðist skyldum sínum samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna. Stefnandi telur engan vafa leika á því að framangreind háttsemi teljist ein og sér til stórkostlegs gáleysis í skilningi 26. gr. skaðabotalaga.
22. Stefndi Sveinn hafi jafnframt brotið gegn bæði almennum leiðbeiningum og sértækum tilmælum heilbrigðis- og sóttvarnaryfirvalda. Ítarlegar leiðbeiningar hafi verið gefnar út

af embættum sóttvarna- og landlæknis um hvernig bregðast skyldi við ef upp kæmi grunur um Covid-19-smit um borð í skipum, en samkvæmt þeim hafi stefnda borið að tilkynna tafarlaust grun um Covid-19-smit til Landhelgisgæslu Íslands, enda sé sjúkdómurinn tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga nr. 19/1997, sbr. reglugerð nr. 221/2012. Óumdeilt sé að stefndi Sveinn Geir hafi átt í samskiptum símleiðis við umdæmislækni sóttvarna 28. september 2020. Í því samtali hafi verið rætt um hvort veikindin um borð í skipinu kynnu að stafa af Covid-19-veirunni. Stefnda hafi þá um leið borið að gera Landhelgisgælu viðvart. Engu breyti um þá tilkynningarskyldu hans að grunur um smit hafi verið óljós, enda gegni tilkynning til Landhelgisgæslu því hlutverki að fá til þess bæra aðila til að meta aðstæður. Þá hafi stefndi hunsað bein fyrirmæli umdæmislæknis sóttvarna á Vestfjörðum, sem honum voru gefin símleiðis 28. september 2020, þess efnis að koma með veikan skipverja í land til sýnatöku vegna Covid-19. Stefndandi telji ótrúverðugt að stefndi hafi ekki gert sér grein fyrir því að veikindi áhafnarinnar væru, eða í það minnsta kynnu að vera, af völdum Covid-19, í ljósi viðvarandi umræðu og sóttvarnaráðastafana vegna Covid-19-sjúkdómsins. Jafnframt hafi stefndi farið þvert gegn fyrirmælum umdæmislæknis sóttvarna á Vestfjörðum um að halda skyldi skipi og áhöfn nálægt landi eftir að áhöfn skipsins gekkst undir sýnatöku 18. október 2020, þrátt fyrir að þá hafi verið ljóst að yfirgnæfandi líkur væru á útbreiddu Covid-19-smiti um borð.

23. Stefndandi byggi jafnframt á því að stefndi Sveinn Geir hafi vanrækt að tryggja sóttvarnir og einangrun um borð í skipinu í samræmi við fyrirmæli sóttvarnalæknis og landlæknisembættisins. Stefndi hafi haldið veikum mönnum til vinnu og þannig stuðlað að samgangi smitaðra einstaklinga, útbreiðslu sjúkdómsins og auknum alvarleika einkenna. Jafnframt hafi hann virt að vettugi ítrekaðar beiðnir skipverja um að gangast undir sýnatöku og þannig komið í veg fyrir að þeir fengju viðeigandi meðferð og eftirfylgni. Skylda skipstjóra sé brýn í þessum efnum, sbr. 1. og 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga, enda hafi það ekki verið í valdi skipverja að ákveða að undirgangast skimun og einangra sig. Þeir hafi þurft að treysta á ákvarðanir yfirmanna sinna. Með framangreindri háttsemi hafi stefndi sýnt stórkostlegt gáleysi og skeytingarleysi um heilsu og velferð stefnanda og annarra skipverja. Þá hafi stefndi beinlínis beitt skipverja blekkingum með fullyrðingum um að ákvarðanir væru t eknar í samráði við heilbrigðis- og sóttvarnayfirvöld, en sú háttsemi stefnda jaðri við ásetning hvað það varði. Það hafi

enda farið svo að stefndi hafi játað refsiverða háttsemi og undirgengist viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Vestfjarða 14. janúar 2021.

24. Með háttsemi sinni hafi stefndi Sveinn Geir valdið því að stefnandi smitaðist af Covid-19-veirunni. Einkenni og afleiðingar sjúkdóms stefnanda hafi orðið alvarlegri en ella sökum skorts á tímanlegri og viðeigandi greiningu, meðferð og eftirliti. Stefnandi hafi að auki upplifað sig algerlega vanmáttugan gegn því að heilsa hans og velferð hafi að engu verið virt, og það hafi valdið honum verulegu andlegu áfalli og vanlíðan. Telur stefnandi ekki nokkurn vafa leika á því að uppfyllt séu skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, þannig að stefndi hafi orðið valdur að tjóni stefnanda með stórfelldu gáleysi.
25. Stefnandi byggi kröfur sínar um greiðslu miskabóta á hendur stefndu Valdimari og Einari Vali á því að þeir hafi sem útgerðarstjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. og framkvæmdastjóri útgerðarinnar vanrækt verulega að tryggja öryggi áhafnar Júlíusar Geirmundssonar ÍS-270 í umræddri sjóferð. Stefndi Sveinn Geir hafi upplýst þá báða reglulega um veikindi áhafnarinnar. Stefndi Valdimar hafi jafnframt verið upplýstur um samskipti stefnda Sveins við umdæmislækni sóttvarna á Vestfjörðum allt frá því að fyrsti maður veiktist.
26. Með hliðsjón af útbreiðslu Covid-19-veirunnar og þeim sóttvarnareglum sem giltu á þeim tíma hafi stefndu Valdimar og Einari ekki getað dulist sá möguleiki að veikindi áhafnarinnar kynnu að stafa af Covid-19-veirunni. Stefndu Valdimar og Einar höfðu stöðu sinna vegna boðvald yfir skipstjóra, stefnda Sveini, á grundvelli almennra reglna vinnuréttar. Þeim hafi við þessar aðstæður og í krafti boðvalds síns borið að brýna fyrir stefnda Sveini skyldur hans samkvæmt 34. gr. sjómannalaga og upplýsa hann um gildandi fyrirmæli heilbrigðis- og sóttvarnaryfirvalda. Þeim hafi borið að leggja fyrir stefnda Svein að senda tilkynningu til Landhelgisgæslu Íslands þegar þeir urðu þess áskynja að því hefði ekki verið sinnt og jafnframt beita sér fyrir því að öllum reglum um smitgát, sóttvarnir og viðbrögð við hugsanlegum smitum væri fylgt til hins ýtrasta. Sömu leiðis hafi stefndu Valdimar og Einar átt að tryggja að farið væri eftir fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda og gefa skipstjóra bein fyrirmæli þess efnis, ef nauðsynlegt reyndist. Það hafi því verið á ábyrgð stefndu Valdimars og Einars, ekki síður en stefnda Sveins, að skipinu væri siglt til hafnar svo áhöfnin gæti gengist undir sýnatöku til greiningar á mögulegu Covid-19-smiti.

27. Yfirmenn útgerðarinnar, þar á meðal stefndi Valdimar og stefndi Einar, hafi fengið upplýsingar um það frá umdæmislækni sóttvarna á Vestfjörðum 18. október 2020 að verulegar líkur væru á útbreiddu smiti Covid-19 meðal áhafnarinnar. Þrátt fyrir þetta hafi stefndu Valdimar og Einar ekki gert athugasemdir við það að skipinu væri siglt aftur út á miðin að sýnatöku lokinni, þvert gegn fyrirmælum umdæmislæknis sóttvarna. Telja verði það verulega vanrækslu af hálfu stefndu Valdimars og Einars að hafa ekki gefið bein fyrirmæli um að skipið skyldi halda kyrru fyrir nálægt landi og að reglum um sóttkví yrði haldið uppi eftir fremsta megni á meðan beðið væri niðurstöðu sýnatöku.
28. Stefnandi telji ljóst að sagnæmar ákvarðanir skipstjóra, stefnda Sveins, hafi verið teknar með vitund og í samráði við stefndu Valdimar og Einar, ef ekki samkvæmt þeirra fyrirmælum. Í ljósi þess boðvalds sem stefndu Valdimar og Einar hafi yfir öðrum starfsmönnum útgerðarinnar verði ekki litið fram hjá því að stefndu Valdimar og Einar höfðu bæði fullt tilefni til og alla möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanatöku stefnda Sveins. Stefnandi Einar og Valdimar hafi þannig sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem hafi orðið þess valdandi að stefnandi smitaðist af Covid-19-veirunni og veikindi hans urðu alvarlegri en ella.
29. Stefnandi byggir á því að allir stefndu beri sameiginlega ábyrgð á þeirri vanrækslu sem leiddi til tjóns hans. Stefnandi hafi sýnt fram á bæði tímabundnar og varanlegar afleiðingar veikindanna fyrir líkamlega og andlega heilsu hans. Fyrir liggi að stefnandi hafi verið með umtalsverðar breytingar í lungum vegna sjúkdómsins og hafi þurft að undirgangast aðgerð [...]. Stefnandi hafi glímt við [frekari veikindi] og auk þess hafi hann greinst með [...]. Hann hafi verið óvinnufær allt frá lokum sjóferðarinnar.

Helstu málsástæður stefnda Sveins Geirs Arnarssonar

30. Krafa stefnda um sýknu er á því byggð að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt. Engin gögn hafi verið lögð fram um hið ætlaða líkamstjón stefnanda. Fyrir liggi bréf sálfræðings, dagsett 3. maí 2021, þar sem andlegum veikindum hans sé lýst en í umræddu bréfi er ekki lagt mat á það hvort þau veikindi hafi valdið honum líkamstjóni. Þá liggi fyrir sjúkraskrá stefnanda, en þar sé hvorki lagt mat á líkamsgetu hans né sé þar að finna umfjöllun um að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni. Stefnandi Sveinn Geir telji því ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna veikinda um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270.

31. Stefndi byggir jafnframt kröfu sína um sýknu á því að óljóst og ósannað sé hvernig stefnandi hafi sýkst af Covid-19-veirunni. Stefnandi hafi hvorki gert grein fyrir því hvernig hann telji smit hafa átt sér stað né hvað stefndi Sveinn Geir hafi gert, eða látið hjá líða að gera, sem hafi valdið því að hann smitaðist af Covid-19. Ekki liggi fyrir hvenær fyrstu einkenni sýkingarinnar hafi komið fram hjá stefnanda, en stefndi telji þó, með vísan til þess hvenær einkenni stefnanda voru orðin alvarleg og með vísan til meðgöngutíma smita af Covid-19, meiri líkur en minni á því að stefnandi hafi smitast áður en hann kom um borð í skipið en að hann hafi smitast af þeim skipverjum sem þá voru orðið veikir. Stefndi telji raunar afar litlar líkur á því að stefnandi hafi smitast eftir að hann kom um borð. Stefndi hafni því málatilbúnaði stefnanda sem byggist á þeim grundvelli að stefndi beri ábyrgð á því að stefnandi hafi smitast af Covid-19-veirunni.
32. Staðhæfing stefnanda þess efnis að stefndi hafi stuðlað að útbreiðslu smita sé efnislega röng. Þeir skipverjar sem á undan stefnanda veiktust hafi dvalið í einangrun, eins og stefnandi hafi sjálfur gert. Hver skipverji hafi borið ábyrgð á því að halda fjarlægð og sótthreinsa hendur og sameiginlega snertifleti samkvæmt almennum og sérstökum reglum um sóttvarnir sem þá giltu um borð í skipinu. Stefndi telji rétt að taka fram að algengt sé að kvefpestir og flensur gangi um borð í skipum og megi sem dæmi nefna að í maí 2019 hafi komið upp flensa á skipinu sem lagði 22 skipverja af 25. Hvorki stefnandi né þeir skipverjar sem á undan honum veiktust hafi talið á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað að veikindin stöfuðu af Covid-19-veirunni og þá hafi þeir ekki óskað eftir því að gangast undir sýnatöku. Þetta hafi komið fram í framburði stefnanda í sjóprófum. Umræða um mögulega Covid-19-sýkingu hafi ekki komið upp fyrr en nokkru seinna.
33. Stefndi hafi verið ákærður fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga og gengist undir sátt vegna brots gegn 2. mgr. 34. gr. laganna. Fallið hafi verið frá ákærulið samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins, þar sem niðurstaða rannsóknar lögreglu hafi leitt í ljós að allir skipverjar, þar með talinn stefnandi, hefðu fengið þá umönnun og læknishjálp sem hægt hefði verið að veita í veikindum þeirra. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram sem styðji að stefndi hafi ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt 1. mgr. 34. gr. sjómannalaga og því eigi sú málsástæða stefnanda ekki við rök að styðjast. Það að stefndi hafi gengist við broti gegn 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga lúti að engu leyti að aðstæðum stefnanda, heldur því sem á eftir kom, þegar hætt hafi verið að einangra skipverja sem urðu veikir og vaxandi tilefni hafi verið til þess að draga þá ályktun að Covid-19-smit væri um borð.

Það hafi verið aðstæður og atvik sem áttu sér stað nokkru eftir að stefnandi veiktist og hafi því ekkert haft með veikindi hans að gera.

34. Hvað ætluð brot stefnda á reglum um tilkynningar um Covid-19-smit varði sé algjörlega vanreifað af hálfu stefnanda hver hafi verið áhrif þess á veikindi hans. Þá hafni stefndi því að hafa farið á nokkurn hátt gegn fyrirmælum umdæmislæknis sóttvarna. Rétt sé að halda því til haga að sá skipverji sem veiktist 28. september 2020 hafi ekki verið sýktur af Covid-19 og því hefði sýnataka á þeim tíma engu breytt, nema til þess eins að styrkja þá trú að sú pest sem í framhaldinu gekk milli skipverja væri ekki af völdum Covid-19. Ekki sé því orsakasamband milli hinnar meintu saknæmu háttsemi stefnda og hins meinta tjóns stefnanda. Þá sé óumdeilt að umdæmislæknir sóttvarna hafi farið fram á það við stefnda að hann héldi úr höfn eftir sýnatöku 18. október 2020 og tilkynnt honum að ekki væri von á niðurstöðum sýnatökunnar fyrr en rúmum sólarhring síðar. Það að stefndi hafi farið lengra frá höfn en umdæmislæknir sóttvarna hafi séð fyrir geti ekki hafa átt þátt í því að stefnandi veiktist 2. október eða aukið við veikindi hans.
35. Staðhæfingu stefnanda um að stefndi hafi ítrekað hafnað óskum skipverja um að fara í sýnatöku er mótmælt sem rangri auk þess sem stefnandi byggir ekki á því að hann hafi sett slíka ósk fram. Þá sé sú staðhæfing stefnanda röng að skipverjar hafi ekki getað lagt mat á veikindi sín sjálfir og því þurft að treysta á ákvarðanir yfirmanna sinna. Staðhæfingin sé röng og í andstöðu við lýsingu stefnanda í sjóprófum auk þess að vera í engu samræmi við þann raunveruleika sem skipverjarnir bjuggu við. Sama eigi við um þá staðhæfingu að stefndi hafi fullyrt að ákvarðanir hans væru teknar í samráði við sóttvarnayfirvöld. Ekki sé gerð grein fyrir því hvaða ákvarðanir átt sé við eða hvers vegna stefnandi hafi ekki sjálfur getað lagt mat á veikindi sín eða borið þau undir lækni. Skipverjar hafi haft fullan aðgang að neti, síma og öðrum samskiptaleiðum og hafi því verið í sömu stöðu og allir aðrir til að leita sér upplýsinga og aðstoðar ef upp kæmu veikindi. Skipverjum standi ávallt til boða að fá samtal við lækni eða annað heilbrigðisstarfsfólk í gegnum myndsíma ef þeir þess óska og telja ástæðu til. Slíkar óskir um viðtöl séu settar fram af skipverjum sjálfum, án aðkomu skipstjóra. Skipstjóri sé enginn milliliður í slíkum samskiptum.
36. Að baki staðhæfingu stefnanda um að stefndi hafi með háttsemi sinni valdið því að stefnandi smitaðist af Covid-19-veirunni séu engin rök eða aðrar upplýsingar sem styðji hana. Um eigin staðhæfingu stefnanda sé að ræða, sem sett sé fram án þess að gerð sé grein fyrir því hvað hafi að mati stefnanda valdið því að hann hafi smitast af Covid-19.

37. Engin gögn eða upplýsingar liggi þeirri staðhæfingu stefnanda til grundvallar að skortur á tímanlegri og viðeigandi greiningu, meðferð og eftirliti hafi valdið því að einkenni og afleiðingar sjúkdómsins hafi orðið alvarlegri fyrir hann en ella. Staðhæfing stefnanda um að heilsa hans og velferð hafi ekki verið virt í sjóferðinni sé efnislega röng og andstæð hans eigin lýsingum á málavöxtum. Fyrir liggi að stefnandi hafi komið upp í brú til stefnda 2. október 2020 og sagst vera orðinn veikur. Á meðan stefnandi var veikur í sjúkraklefa skipsins hafi verið fylgst með honum, hann hafi fengið þau lyf sem hann óskaði eftir og honum hafi verið færður matur. Stefnandi hafi ekki farið aftur til vinnu fyrr en hann treysti sér til þess. Staðhæfing stefnanda um að hann hafi verið neyddur eða þvingaður til að mæta aftur til vinnu sé röng og í ósamræmi við framburð hans í sjóprófum.
38. Stefndi geri ekki lítið úr upplifun stefnanda sjálfs af veiðiferðinni, en telji þó óumdeilt að stefnandi hafi ekki verið í lífshættu. Einnig sé óumdeilt að stefnandi hafi ekki borið upp vanlíðan sína meðan veiðiferðinni stóð, hvorki við stefnda né lækni eða sálfræðing. Þá hafi stefnandi ekki borið vanlíðan sína upp við umdæmislækni sóttvarna þegar hún skoðaði hann 18. október 2020. Enginn vafi sé á því að brugðist hefði verið við ef stefnandi hefði gert það.
39. Af skýrslu sálfræðings megi ráða að áfall stefnanda eigi rætur að rekja til endurupplifunar á veikindum hans og þeirrar upplifunar að hann hafi verið í lífshættu. Stefndi dragi ekki í efa andlega erfiðleika stefnanda en ljóst sé að þeir erfiðleikar hafi hafist eða aukist verulega eftir að veiðiferðinni lauk og því hafi stefndi ekki getað brugðist við þeim. Stefndi verði því ekki sakaður um að hafa haft velferð stefnanda að engu í tengslum við hina andlegu erfiðleika.
40. Stefndi hafni því öllum málatilbúnaði stefnanda og telji það bæði óréttmæta og ranga staðhæfingu að hann hafi með stórfelldu gáleysi eða af ásetningi valdið stefnanda líkamstjóni með því að hann hafi borið ábyrgð á því að stefnandi sýktist af Covid-19-veirunni. Jafnframt hafni stefndi því að stefndi hafi með ásetningi eða stórfelldu gáleysi vanrækt umönnun eða aðra aðstoð við stefnanda og af þeirri ástæðu hafi afleiðingar af veikindum hans orðið verri en ella. Stefndi telji að hið meinta tjón stefnanda verði ekki með nokkrum hætti rakið til saknæmrar háttsemi hans og þá sé það af og frá að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Áréttað sé að kröfur stefnanda verði ekki teknar til greina nema sannað sé að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning.

41. Stefndi telji málatilbúnað stefnanda ekki uppfylla lágmarksskilyrði skaðabótaréttar um orsakasamhengi, það er um rökbundið samhengi milli ætlaðra athafna stefnda og þess að stefnandi telji sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna smits af Covid-19-veirunni. Til þess að athafnir stefnda geti uppfyllt skilyrði skaðabótaréttar um orsakasamhengi þurfi að liggja fyrir að það sé á valdi hans að koma í veg fyrir að starfsfólk smitist eða veikist. Stefndi telji að í ljósi þess hversu mikil óvissa ríki almennt um það hvar og hvernig smit berist milli manna sé ekki hægt að sýna fram á frumorsök smits eða sanna hana í skilningi skaðabótaréttar. Þegar ekki sé hægt að sanna frumorsök smits sé útilokað að sanna eða gera sennilegt að aðgerðir eða athafnaleysi þriðja aðila, eins og stefnda í þessu tilviki, séu orsök smits eða hefðu getað komið í veg fyrir smit.

Helstu málsástæður stefndu Einars Vals Kristjánssonar og Valdimars Steinþórssonar

42. Stefndu Einar Valur og Valdimar byggja kröfu sína um sýknu á því að skilyrði a-liðar 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga séu ekki uppfyllt.
43. Stefndu hafni því að hafa sýnt af sér gáleysi, hvað þá stórkostlegt gáleysi. Skipstjóri beri ábyrgð á því að skipverji sem veikist um borð fái nauðsynlega umönnun á skipi eða í landi og þá beri skipstjóri jafnframt ábyrgð á því að skipverji, sem haldinn er sjúkdómi sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipi, sé fluttur í land, sbr. 1. mgr. 34. gr. sjómannalaga. Skyldur er að þessu líti hvíli lögum samkvæmt á skipstjóra en ekki öðrum.
44. Samkvæmt 1. gr. leiðbeininga sóttvarnalæknis um tilkynningar vegna Covid-19 um borð í skipum í íslenskri lögsögu beri skipstjóra að tilkynna um grun um sýkingu um borð. Skipstjóri sé jafnframt ábyrgur fyrir því að upplýsa Landhelgisgæsluna um leið og grunur vaknar um smit um borð, sbr. 3. gr. leiðbeininganna. Framangreindar skyldur hvíli allar á skipstjóra skips, en ekki á framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra útgerðar. Stefndi hafi ekki talið um Covid-19-smit að ræða, enda hafi hann verið fullvissaður um það af þeim skipverja sem fyrst veiktist um borð. Skoða verði viðbrögð stefnda Sveins í því ljósi. Stefndu telji þó í öllu falli ljóst að þeir verði ekki látnir bera ábyrgð á ákvörðunum eða ályktunum stefnda Sveins.
45. Ekkert hafi komið fram um að stefnda Sveini hafi verið ókunnugt um skyldur sínar og ekki hafi verið sýnt fram á að stefndu Einar Valur og Valdimar hafi vanrækt að upplýsa stefnda Svein um þær skyldur, þaðan af síður af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þá verði ekki ráðið af stefnu hvernig stefndu hefðu getað komið í veg fyrir að stefnandi

smitaðist af Covid-19 eða hvernig þeir hefðu getað komið í veg fyrir eða mildað meintar afleiðingar veikindanna.

46. Því sé hafnað að stefndu hafi, á grundvelli yfirstjórnunarheimilda samkvæmt reglum vinnuréttar, borið að grípa fram fyrir hendurnar á skipstjóra, stefnda Sveini. Verði talið að um einhverjar slíkar skyldur hafi verið að ræða sé á því byggt að stefndu hafi ekki sýnt af sér saknæmt athafnaleysi sem varðað gæti bótaskyldu út frá almennum reglum vinnuréttar. Áréttað sé að stefndu hafi ekki beitt stefnda Svein nokkurs konar þrýstingi eða gefið honum fyrirmæli vegna veikinda um borð. Það hafi verið undir skipstjóra komið að taka þær ákvarðanir sem hann taldi rétt að taka miðað við aðstæður.
47. Skipstjóri, stefndi Sveinn Geir, hafi verið í nokkrum samskiptum við stefnda Valdimar sem útgerðarstjóra um ýmis praktísk mál, meðal annars umrædd veikindi, meðan á veiðiferðinni stóð. Stefndi Einar Valur hafi hins vegar verið fjær atburðarásinni sem framkvæmdastjóri útgerðarfélagins og í takmörkuðum samskiptum við stefnda Svein. Hann hafi raunar ekkert verið í samskiptum við stefnda Svein um veikindin um borð fyrr en í tengslum við sýnatökuna sem fór fram 18. október 2020. Til þess verði að horfa við úrlausn málsins.
48. Verði stefndu Einar Valur og Valdimar taldir hafa sýnt af sér gáleysi, og með því valdið stefnanda líkamstjóni, sé á því byggt til vara að það gáleysi geti í mesta lagi talist einfalt gáleysi en ekki stórkostlegt gáleysi og alls ekki ásetningur. Þar sem a-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga áskilji ásetning eða stórkostlegt gáleysi sé skilyrðum ákvæðisins ekki fullnægt. Því beri að sýkna stefndu Einar Val og Valdimar.
49. Stefndu byggi á því að stefnandi hafi hvorki sannað að hann hafi orðið fyrir tjóni né að orsakasamband sé milli meints tjóns og meintrar saknæmrar háttsemi stefndu, en það sé grundvallarskilyrði bótaskyldu. Stefndu mótmæli málatilbúnaði stefnanda er lýtur að meintu líkamstjóni stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Af sjúkraskrár stefnanda verði ekki ráðið að meint líkamstjón hans sé afleiðing Covid-19-sýkingar. Óvinnufærni stefnanda virðist fyrst og fremst hafa stafað af blöðru á lunga og aðgerð sem hann hafi farið í til að fjarlægja hana. Blaðra á lunga stefnanda hafi ekki tengst Covid-19-smiti, eins og fram hafi komið í læknisvottorði yfirlæknis á Heilsugæslu Ísafjarðar. Þá eigi stefnandi sér langa sögu af lungnavandamálum, en hann hafi meðal annars fengið [...] og verið reykingamaður um árabíl. Ekki liggi fyrir matsgerð sem staðfest geti fullyrðingar stefnanda um að hann hafi þjáðst af [öðrum veikindum] í kjölfar Covid-19-sjúkdómsins, eins og fram hafi komið í mörgum færslum í sjúkraskrárgögnum. Ekki hafi

Því verið sýnt fram á að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna afleiðinga Covid-19-veikindanna.

50. Bótakrafa stefnanda sé að miklu leyti byggð á því að tjón hans felist í andlegum afleiðingum sjóferðarinnar og Covid-19-veikindanna, en stefndu mótmæli slíkum meintum andlegum afleiðingum sem ósönnuðum. Aðeins liggi fyrir einhliða aflað álit sálfræðings sem að auki taki ekki með afdráttarlausum hætti til andlegra afleiðinga veikindanna fyrir stefnanda eða varanleika þeirra.
51. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stefndu hefðu með einhverjum hætti getað komið í veg fyrir að stefnandi myndi sýkjast af Covid-19-veirunni, eða að þeir hefðu getað komið í veg fyrir að slík sýking hefði afleiðingar fyrir stefnanda. Raunar verði að ætla að stefnandi hafi komið sýktur af Covid-19 um borð við upphaf veiðiferðarinnar. Af þeim ástæðum sé ekki fyrir að fara orsakasambandi milli meintrar saknæmrar háttsemi stefndu og þess líkamstjóns sem stefnandi staðhæfir að hann hafi orðið fyrir, auk þess sem á skorti að skilyrðinu um sennilega afleiðingu sé fullnægt, sem einnig leiði til sýknu.
52. Stefndu byggja samkvæmt framansögðu á því að stefnandi hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna meintrar saknæmrar háttsemi þeirra. Þá sé orsakasamhengi ósannað og skilyrðinu um sennilega afleiðingu ekki fullnægt. Því sé ennfremur andmælt að stefndu hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Sönnunarbyrði um að framangreind skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt hvíli á stefnanda, en þá sönnunarbyrði hafi hann ekki axlað. Því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.
53. Um fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda er á því byggt af hálfu stefndu að hún sé úr öllu samhengi við meint tjón stefnanda. Sönnunarbyrði um umfang tjóns og fjárhæðir hvíli á honum. Verði fallist á bótaskyldu stefndu sé á því byggt að lækka beri bótakröfurnar verulega. Stefndu andmæla því einnig sérstaklega að krafa stefnanda geti borið dráttarvexti frá fyrra tímamarki en dómsuppsögu, þar sem ekki liggi fyrir þær upplýsingar sem þörf sé á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Niðurstaða

54. Í máli þessu reynir á það hvort stefndu hafi orðið skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda með því að valda honum líkamstjóni, bæði andlegu og líkamlegu, með stórfelldu gáleysi sem hafi falist í því að stefnandi hafi verið um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 í

veiðiferð frá 27. september 2020 sem lauk 20. október sama ár þar sem veikindi vegna Covid-19-smits herjuðu á áhöfnina, þar á meðal stefnanda, nánast alla veiðiferðina.

55. Fyrir liggur og er alkunnugt, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að á árinu 2020 geisaði heimsfaraldur samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar, WHO, af völdum bráðsmitandi hættulegs smitsjúkdóms vegna kórónuveiru sem stofnunin hafði nefnt Covid-19.
56. Alkunnugt var einnig að farsótt af þessum sökum hafði geisað hérlendis frá því í febrúarlok 2020 og margir þurft að leggjast inn á sjúkrahús og jafnvel þurft að leggjast inn á gjörgæsludeild þar sem nota þurfti öndunarvélar til að stuðla að bata. Sjúkdómurinn hafði dregið fólk til dauða. Almannaþingin höfðu frá því í febrúar haft í gildi hættustig og neyðarstig til skiptis í samfélaginu eftir því hversu margir voru að sýkjast og veikjast af þessum sökum. Þá hafði ítrekað verið gripið til misviðamikilla sóttvarnaaðgerða eftir ástandinu, sem almenningi var gert að fylgja, svo sem fjöldatakmarkana á samkomum eða jafnvel samkomubanns, auk þess sem kveðið var á um lágmarksfjarlægð milli fólks og skyldu til að bera grímu fyrir vitum. Kveðið var á um þessar takmarkanir með reglugerðum sem gefnar voru út í samræmi við heimildir í sóttvarnalögum nr. 19/1997. Á vegum Almannaþingarinnar voru haldnir upplýsingafundir mjög ört þar sem allur almenningur var upplýstur um stöðu mála vegna farsóttarinnar, þar á meðal um fjölda smita og hvert þróunin stefndi með fjölda sjúkdómstilvika eftir því sem metið var. Neyðarstig tók gildi í byrjun október 2020 með ströngum sóttvarnaráðstöfunum og gildi fram á árið 2021.
57. Meðal framlagðra dómskjala eru leiðbeiningar sem sóttvarnalæknir hjá embætti landlæknis hafði gefið út 10. september 2020 vegna Covid-19 og giltu því þegar atvik máls þessa áttu sér stað. Leiðbeiningarnar voru fyrir hafnir og skip, þar á meðal áhafnir. Skilgreindar voru svokallaðar sóttvarnahafnir og var Ísafjarðarhöfn þar á meðal. Á forsíðu leiðbeininganna var sérstaklega áréttað í rauðum lit að ef rökstuddur grunur væri um smit um borð mætti Landhelgisgæslan vísa skipum til tilgreindra hafna. Í leiðbeiningunum var meðal annars upptalning einkenna Covid-19: Hósti, hiti, kvæfinkenni, bein- og vöðvaverkir og þreyta, stundum með hálsbólgu. Eins hefði breytingu eða tapi á bragð- og lyktarskyni verið lýst. Í reglunum var ítarlegur kafli um viðbrögð og verkferla ef grunur vaknaði um Covid-19 um borð í skipi, meðal annars um einangrun þess veika og aðbúnað sem og svokallaða grundvallarsmitgát sem viðhafa þyrfti í umgengni og umönnun hins smitaða. Fram kom meðal annars að þeir sem átt

hefðu nán samskipti við sjúkling með Covid 19 yrðu að vera í sóttkví í 14 daga frá hugsanlegu smiti. Nán samskipti voru skilgreind meðal annars með því að hafa verið í minna en tveggja metra fjarlægð frá viðkomandi. Í reglunum var enn fremur kveðið á um skyldu skipstjóra til að tilkynna um grunsemdir um Covid-smit til Landhelgisgæslu og ítarlegar leiðbeiningar um framganginn í framhaldi af slíkri tilkynningu.

58. Fyrir liggur óumdeilt í málinu að fyrsti skipverjinn sem veiktist um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 tilkynnti skipstjóra, stefnda Sveini, um veikindi sín 28. september 2020, daginn eftir að haldið var úr höfn, sá næsti veiktist daginn eftir, 29. september, og sá þriðji, stefnandi, veiktist 2. október. Þá liggur líka fyrir óumdeilt að stefndi Sveinn Geir brást skyldu sinni til að tilkynna veikindin til Landhelgisgæslunnar, eins og honum bar. Samkvæmt þágildandi reglum var það í valdi Landhelgisgæslunnar að leggja mat á viðbrögð við hugsanlegu Covid-19-smiti. Af þeim sökum var hann ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga með ákæru 15. desember 2020. Í því ákvæði er kveðið á um að ef ástæða er til að ætla að skipverji sé haldinn sjúkdómi sem hætta stafi af fyrir aðra menn á skipinu skuli skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land ef eigi reynist unnt að verjast smithættu á skipinu. Brot sitt játaði stefndi og var honum af þeim sökum gert að sæta refsiviðurlögum. Sú niðurstaða þótt í formi viðurlagaákvörðunar sé verður lögð til grundvallar í máli þessu, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.

59. Stefndi Sveinn Geir lét sér nægja að ræða símleiðis við umdæmislækni sóttvarna á Vestfjörðum er fyrsti skipverjinn veiktist og virðist síðan hafa látið sér nægja að leggja trúnað á frásögn þess skipverja sem bar um að hafa veikst af flensu skömmu fyrir veiðiferðina sem hann hefði verið orðinn góður af en slegið niður aftur í upphafi veiðiferðarinnar. Þessa frásögn virðist stefndi hafa tekið fram yfir orð sóttarvarnalæknis um að því yrði ekki slegið föstu að sjómaðurinn væri ekki smitaður af Covid-19 nema með því að rannsaka það. Ekki er upplýst í málinu hvort það hafi verið rannsakað í tilefni þessara umræddu veikinda hvort sjómaðurinn hafi verið smitaður af Covid-19 áður en hann mætti til skips. Skipverjanum mun hafa verið mjög í mun að halda því til haga að ekki hefði verið um Covid-19-smit að ræða og brugðist illa við er skipfélagar hans báru slíkt upp á hann, hvort sem var í gamni eða alvöru. Þessa óstaðfestu frásögn sjómannsins virðist stefndi hafa lagt slíkan trúnað á að hann skilgreindi veikindi allra skipverja sem til hans leituðu vegna veikinda næstu vikunnar sem flensu og hunsaði orð umdæmislæknisins um að skimunar væri þörf. Engum úrslitum ræður í þeim efnum hvort stefndi mátti líta á þau orð umdæmislæknisins sem tilmæli frekar en fyrirmæli í samræmi

við valdheimildir læknisins eins og á stóð. Afstöðu stefnda Sveins verður vart lýst á annan máta en sem óhóflegri bjartsýni eða óskhyggju með tilliti til þess ástands sem ríkti hérlendis þar sem samfélagið var á neyðarstigi vegna fjölda smita af Covid-19.

60. Þá verður einnig að horfa til þess að þær sóttvarnaráðstafanir sem stefndi Sveinn Geir greip til vegna veikindanna voru með öllu ófullnægjandi miðað við þær reglur sem í gildi voru er hann lét veika menn einangra sig í einn sólarhring eða þá daga sem þeir treystu sér alls ekki til vinnu. Þá var engum gert að einangra sig vegna nálægðar við mennina til að hindra útbreiðslu veikindanna. Í ljósi lögboðinna skyldna stefnda Sveins í þessu sambandi, sbr. til dæmis 2. mgr. 34. gr. sjómannalaga, sem og samskipta hans við umdæmislækni sóttvarna og yfirstandandi heimsfaraldurs sem yfirvöld skilgreindu á neyðarstigi, fól þessi háttsemi stefnda Sveins í sér stórfellt gáleysi gagnvart heilsu stefnanda og velferð hans, en alþekkt var orðið meðal almennings á þessum tíma að veikindi sem hlytust af Covid-19-sjúkdómnum gætu þróast hægt en svo til mjög verri vegar eftir því sem lengra liði frá smiti.

61. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á það með stefnanda að stefndi Sveinn Geir beri sakarábyrgð að skaðabótarétti á því tjóni sem háttsemi stefnda kann að hafa valdið honum. Sú ábyrgð stefnda Sveins byggist ekki á því að hann beri ábyrgð á því að stefnandi smitaðist af Covid-19-sjúkdómnum. Fyrir því er engin sönnun og í raun eins líklegt að stefnandi hafi smitast í landi áður en hann kom til skips, þegar horft er til fyrirliggjandi upplýsinga um þann tíma sem að meðaltali líður frá smiti þar til einkenni koma fram og raktar voru af hálfu stefndu í málflutningi. Stefndi ber á hinn bóginn ábyrgð á því að stefnandi dvaldi veikur um borð í skipinu allt frá 2. október til 20. október 2020, en þótt stefnandi hafi bitið á jaxlinn og haldið til vinnu að áeggjan stefnda 5. október 2020 verður ráðið af fyrirliggjandi upplýsingum um ástand hans eftir að í land var komið og hann komst undir læknishendur að það hafi ekki verið til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á heilsu hans að dvelja svo lengi í skipinu eftir að veikindin hófust.

62. Engum upplýsingum er til að dreifa í málinu um að stefnandi eigi eða hafi átt við líkamlegar afleiðingar að stríða í kjölfar veikindanna sem sérstaklega verði raktar til langrar dvalar um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 án læknishjálpar. Þvert á móti virðist mega draga þá ályktun af fyrirliggjandi gögnum að vísbendingar séu um að stefnandi hafi jafnað sig líkamlega eftir veikindin og þá aðgerð sem hann undirgekkst vegna sjúkdóms sem uppgötvaðist er heilsufar hans var rannsakað þegar í land var

komið. Ekkert mat hefur farið fram til að komast að því hvort Covid-19-veikindin hafi haft slíkar varanlegar afleiðingar í för með sér. Telst það því ósannað.

63. Upplýst er á hinn bóginn að stefnandi hafði áður átt við sjúkdóm að stríða í lungum sem leitt hafði til skurðaðgerðar árið 2004 auk þess sem hann hafði verið reykingamaður um árabil. Af framburði stefnanda fyrir dómi sem og við sjópróf má ráða að yfirstandandi heimsfaraldur hafi leitt til þess að hann hætti að reykja um sumarið 2020. Í ljósi þessarar forsögu verður framburður stefnanda metinn trúverðugur um að hann hafi kviðið því að veikjast af Covid-19 og það hafi því reynst honum mjög þungbært að dvelja svo lengi sem raun ber vitni veikur um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 meðan aðrir skipverjar voru einnig að veikjast hver af öðrum. Meðal málsgagna eru enn fremur trúverðug gögn um að veikindi stefnanda og þessi langa dvöl um borð í Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 veikur og innan um aðra veika menn hafi haft alvarleg áhrif á andlegt ástand stefnanda. Hann bar til dæmis um það fyrir dómi að hafa nánast misst stjórn á skapi sínu við umdæmislækni sóttvarna þegar hún tilkynnti honum að hann yrði að dvelja áfram um borð í skipinu eftir að það kom að bryggju, svo mjög fékk tilhugsunin um áframhaldandi dvöl á hann. Þá kemur fram í gögnum sem stafa frá heilbrigðisstarfsmönnum, meðal annars frá Heilsugæslunni á Ísafirði, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Reykjalundi, VIRK endurhæfingarsjóði og tveimur sálfræðingum sem stefnanda var vísað til, að hann hafi þurft á verulegri sérfræðiaðstoð að halda um langa hríð eftir að í land var komið vegna andlegrar vanlíðanar sem meðal annars hafi verið greind sem áfallastreituröskun auk þess sem stefnandi átti í vanda með svefn.

64. Ekki eru forsendur til að líta fram hjá þessum gögnum sem óstaðfestum, eins og byggt var á fyrir dómi af hálfu stefndu, þar sem bæði stafa gögnin frá þeim heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum þar sem stefnandi hefur verið til meðferðar og eins hafa stefndu sjálfir byggt á upplýsingum úr þessum gögnum til að skjóta stoðum undir málatilbúnað sinn. Þessi gögn verða heldur ekki lögð að jöfnu við sérfræðiskýrslur eða mót sem aflað er einhliða af hálfu málsaðila en slík gögn hafa almennt afar takmarkað sönnunargildi fyrir dómi.

65. Þessi andlegu veikindi sem hrjád hafa stefnanda í kjölfar Covid-19-veikinda hans falla að skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga enda valdið af stórfelldu gáleysi og fela í sér líkamstjón í skilningi ákvæðisins þótt því verði ekki slegið föstu að tjón þetta sé varanlegt. Stefnanda verða því dæmdar miskabætur að álitum eins og nánar greinir í dómsorði. Fallist er á kröfu stefnanda um dráttarvexti í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga

um vexti og verðtryggingu af dæmdri fjárhæð frá 28. febrúar 2022 en þá var liðinn mánuður frá því að bóta var krafist úr hendi stefnda, sbr. 9. gr. sömu laga.

66. Stefnandi hefur jafnframt uppi sjálfstæðar kröfur um skaðabætur á sama grundvelli gagnvart stefnda Einari Val sem framkvæmdastjóra og stefnda Valdimar sem útgerðarstjóra.
67. Báðir hafa þessir stefndu þá stöðu innan fyrirtækisins að geta ákveðið hvort og til hvaða veiða skipum útgerðarinnar er haldið, þar með talið Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270. Á hinn bóginn leikur ekki vafi á að ábyrgð á því sem fram fer um borð þegar skipið er undir skipstjórn hvílir á skipstjóra þess samkvæmt III. kafla siglingalaga nr. 34/1985 en þau lög gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi, sbr. 1. gr. laganna. Í nefndum kafla laganna eru ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur skipstjóra hvað skipstjórn snertir, þar á meðal er í 13. gr. laganna kveðið á um lögbundið stöðuumboð skipstjóra.
68. Þegar horft er til þessara lagaákvæða og síðan ákvæða sjómannalaga blasir við að ábyrgð á skipverjum hvílir á skipstjóra þegar þeir eru um borð, sbr. til dæmis ákvæði 33. og 34. gr. sjómannalaga. Engar heimildir eru í nefndum ákvæðum fyrir útgerðarstjóra eða framkvæmdastjóra útgerðar til að grípa fram fyrir hendur skipstjóra hvað þetta varðar. Í málinu liggja ekki heldur fyrir neinar upplýsingar um atvik sem hefðu átt að knýja stefndu Einar Val og Valdimar til þess að grípa fram fyrir hendur stefnda Sveins þvert gegn lagaboðum er lutu að verkefnum hans og skyldum. Hvorugur stefndu verða stöðu sinnar vegna taldir bera húsbóndaábyrgð á verkum stefnda Sveins enda er hann starfsmaður útgerðarinnar Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. en útgerðinni er ekki stefnt í máli þessu. Verða þeir því hvor um sig sýknaðir af kröfum stefnanda.
69. Í ljósi niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála verður stefndi Sveinn Geir dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að álitum, meðal annars með hliðsjón af tíma sem farið hefur í málflutning um frávísunarkröfu stefnda. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnanda og stefndu Einars Vals og Valdimars falli niður með vísan til 3. mgr. 130. gr. sömu laga.
70. Af hálfu stefnanda flutti málið Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður, af hálfu stefnda Sveins flutti málið Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður og af hálfu stefndu Einars Vals og Valdimars flutti málið Arnar Þór Stefánsson lögmaður. Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Geir Arnarsson, greiði stefnanda, A, 400.000 krónur með dráttarvöxtum frá 28. febrúar 2022 sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefndu, Einar Valur Kristjánsson og Valdimar Steinþórsson, eru sýknaðir af kröfum stefnanda.

Stefndi, Sveinn Geir Arnarsson, greiði stefnanda 1.800.000 krónur í málskostnað. Málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

Björn L. Bergsson